

Minnisblað

Til Umhverfis- og samgöngunefndar
Frumvarp um áhafnir skipa.
Ítarefni frá LS.

220224 / Örn Pálsson

Takk fyrir fundinn. Taldi rétt að senda ykkur sem sátu hann og öðrum í nefndinni áherslur LS við frumvarp til laga um áhafnir skipa. Samandregin atriði eru byggð á [umsögn LS](#) sem rædd var á fundinum sl. þriðjudag 22. febrúar, umræðum og spurningum sem fram komu.

1. LS telur að flest þeirra markmiða sem frumvarpinu er ætlað að ná, hafi nú þegar náðst. Aftur á móti verður því ekki á móti mælt að alltaf er hægt að gera betur. Það gríðarlega átak sem staðið hefur yfir undanfarinn áratug er varða slysavarnir og menntun hefur skilað sér svo ekki verður um það deilt.
2. LS getur ekki fallist á að þrengt sé að lengd róðra með ofurmönnun. Að standi róður lengur en 14 klst. verði skylt auk skipstjóra og vélavarðar að skrá stýrimann og annan vélavörð í áhöfn. Að öllu leiti óraunhæf krafa miðað við hversu tækninni hefur fleygt fram, auk þess sem skortur er á stýrimönnum til að manna stöðurnar.
3. Í sjómannaöllum ([64. gr.](#)) er kveðið á um lágmarkshvildartíma og hámarksvinnutíma á sólarhring (24 klst). Línuveiðar eru stundaðar af dagróðrabátum (þ.e. bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klst frá því að hann heldur til veiða). Lengd línuróðra er nánast án undantekninga lengri en 14 klst, að meðaltali 18 – 20 klst. Línuviltun gildir aðeins fyrir dagróðrabáta. Allt mælir því með að fjöldi í áhöfn miðist við dagróður.
4. Í kjarasamningum LS og sjómannasamtakana árið 2012 var ekki gert ráð fyrir stýrimanni í áhöfn né á launaskrá, enda ekki skylt samkvæmt lögum um áhafnir skipa og engin krafa við gerð samnings um slíkt.
5. Við breytingu á áhafnalögum í desember 2019 voru 12 metra skipstjórnarréttindi uppfærð til réttinda á bátum að 15 metrum. Engin krafa var um aðrar breytingar.
6. LS hefur gagnrýnt framgöngu Samgöngustofu um að þvinga útgerðir smábáta til að skrá stýrimann í áhöfn fari útivist umfram 14 klst. Felst í að óheimilt er að leggja skipi úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir í skipprúm. Húftrygging gæti verið í uppnámi vegna þessa. Að mati LS hefur Samgöngustofa ekki lagastoð fyrir þessari gerræðislegu ákvörðun, en ætlar sér að ná henni með því að frumvarpið verði óbreytt að lögum.
7. LS er sammála að nefndir mönnunar og undanþágu verði lagðar niður.
8. LS leggur áherslu á að gildistími á endurnýjun skírteina verði 10 ár í stað fimm. Jafnframt að skírteini verði með rafrænu sniði.
9. LS hvetur til að ekki verði skylt að lögskrá á báta styttri en 15 metrar.